

Fimmtudaginn 17. maí 1984.

Nr. 91/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Reyni Lútherssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Hall-dór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 14. maí 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m., skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Krefst hann þess, „*ad allega*, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi fram til miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17:00, og að niðurstaða sakadómsins um að kærði skuli sæta geðrannsókn verði staðfest, en *til vara*, að úrskurðurinn verði ómerktur að því er gæsluvarðhaldskröfuna varðar og málinu vísað á ný heim í hérað.“

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara segir svo m.a.:

„Brot kærða kunna að varða hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en að því er varðar lagagrundvöll krafanna að öðru leyti vísast til 1., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr., d-lið 2. tl. 2. mgr. 75. gr. og 185. gr. laga nr. 74, 1974.“

Ríkissaksóknari hefur heimild til kæru máls þessa samkvæmt framangreindu ákvæði laga nr. 74/1974.

Í hinum kærða úrskurði eru rakin rannsóknargögn þau, sem við naut, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Eftir uppsögu hans hefur rannsókn málsins verið haldið áfram, og hafa fimm lögreglumenn, er afskipti höfðu af varnaraðilja vegna brota þeirra, sem hann er sakaður um og í málinu greinir, gefið skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Varnaraðili hefur að vísu bæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi gengist við þeim brotum, sem rannsóknin á hendur honum beinist að. Þótt rannsókn málsins sé komin nokkuð áleiðis, er ýmislegt ókannað eða þarf frekari rannsóknar við. Þar á meðal

þarf til að koma sakbending, sérstaklega vegna brotsins, sem talið var framið við Hverfisgötu 102 A og 104, samprófa þarf varnaraðilja við vitni, og kanna þarf feril hans næstu klukkustundir, áður en hann framdi brot þau, sem hann hefur játað á sig. Rannsóknin er þess eðlis, að héraðsdómari hefði átt að hneppa varnaraðilja í gæsluvarðhald samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Á það er að líta, að varnaraðili var leystur úr haldi þegar eftir uppsögu hins kærða úrskurðar. Gæsluvarðhaldsvist nú kæmi því eigi að sama gagni eins og gæsluvarðhaldsvist, sem héraðsdómari hefði dæmt varnaraðilja til að sæta. Allt um það þykir bera að dæma varnaraðilja að kröfu ákærvalds til að sæta gæsluvarðhaldsvist allt til miðvikudags 13. júní nk., kl. 17.00.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn, á að vera óraskað.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Reynir Lúthersson, sæti gæsluvarðhaldi allt til Miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17.00.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um rannsókn á geðheilbrigði varnaraðilja skal óraskað.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á þá niðurstöðu héraðsdómara, að krafa um gæsluvarðhald verði eigi tekin til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þar sem ekki verði séð, að varnaraðili hafi möguleika á að torvelda rannsókn málsins. Þá tel ég eigi fært að ráða í það nú, hvaða refsing varnaraðilja kann að verða dæmd, ef til kemur, þannig að gæsluvarðhald verði dæmt samkvæmt 4. tl. 1. mgr. nefndrar greinar, er mælir svo, að gæsluvarðhaldi skuli beita, ef ætla megi, að brot varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Aðrir töluliðir 67. gr. eiga hér heldur ekki við.

Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1984.

Ár 1984, mánudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur,

sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Reynir Lúthersson pípulagningamaður, fæddur 03.02.1948, Laugavegi 76, Reykjavík, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. júní 1984, kl. 17:00, og að honum verði á gæsluvarðahaldstímanum gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Kærði er grunaður um brot gegn 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., og 194. gr. alm. hegningarlaga. Í greinargerð með kröfu RLR er vísað til 1. og 4. t. l. 1. mgr. 67. gr. og 2. t. l. d-liðar 754. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir.

Kærði er grunaður um að hafa um kl. 03:20 sl. nótt ráðist á stúlku, sem var á gangi á Hverfisgötu, tekið hana hálstaki og dröslað henni inn húsasund á milli hús 102 A og 104 og reynt að hafa við hana samfarir gegn vilja hennar. Tveir íbúar í nærliggjandi húsum komu stúlkunni til aðstoðar, en sokkabuxur og nærbuxur hennar höfðu þá verið færðar niður að hnjám. Maðurinn, sem veist hafði að henni, hljóp á brott.

Stúlkan hefur m.a. borið, að hún hafi átt erfitt með andardrátt, og taldi sig hafa misst meðvitund nokkra stund, þegar maðurinn hélt á henni hálstaki.

Kærði hefur kannast við að hafa veist að stúlkunni í því skyni að hafa við hana samfarir. Hann kveðst muna eftir að hafa verið í átökum við stúlkuna, en að öðru leyti er framburður hans óljós. Hann kveðst hafa verið mikið ölvaður og ber við minnisleysi.

Kærði er einnig grunaður um að hafa veist að annarri stúlku um kl. 04:00 sl. nótt við Hverfisgötu 18, tekið hana hálstaki aftanfrá og fært hana í húsaport við Hverfisgötu 18 og haft þar við hana samfarir gegn vilja hennar. Áður en samförunum lauk, kom lögreglan á vettvang. Kærði tók þá til fótanna, en var handtekinn skömmu síðar.

Kærði hefur við yfirheyrslur játað þennan verknað, en framburður hans er um margt óljós, og ber hann við minnisleysi.

Báðar framangreindar stúlkur voru færðar til lækniaskoðunar sl. nótt, og næsta dag voru teknar af þeim framburðarskýrslur hjá RLR. Einnig voru teknar skýrslur af þeim vitnum, að undanskildum lögreglumönnum, sem talið er að borið geti um framangreinda atburði. Loks hefur farið fram rannsókn á þeim fatnaði, sem kærði og stúlkurnar tvær voru í sl. nótt, svo og vettvangsrannsókn á báðum stöðunum. Er rannsókn beggja málanna vel á veg komin.

Ekki þykir verða séð, að kærði geti torvelað rannsókn þessara mála

með þeim hætti, að gæsluvarðhaldi verði beitt á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 194. gr. alm. hegningarlaga, og er lágmarksrefsing samkvæmt þeirri grein 1 árs fangelsi. Enda þótt kærði sé þannig grunaður um mjög alvarleg brot, þykir óvarlegt að ætla, að þau varði in concreto minnst 2 ára fangelsi. Samkvæmt því þykir heldur ekki unnt að beita gæsluvarðhaldi í máli þessu á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Verður kröfu RLR um gæsluvarðhald kærða því synjað.

Kærði hefur lýst sig fúsan til þess að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu, en af hálfu RLR er þó haldið fast við kröfu þar að lútandi. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga 74, 1974, sbr. 1. 107, 1976, þykir rétt að ákveða, að kærði skuli gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Kærði, Reynir Lúthersson, skal sæta geðheilbrigðisrannsókn.
Kröfu RLR um gæsluvarðhald kærða er synjað.

Mánudaginn 21. maí 1984.

Nr. 28/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)
gegn

Jakob Kristjánssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir of hraðan akstur samkv. 3. og 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var af ákærvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með stefndu 13. janúar 1984. Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og hann dæmdur til refsingar, ökuleyfis sviptingar og greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði svo og að hann